



Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 5.júní 2026  
HER-202604-7539

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 558/2024 í skipulagsgátt, Loftleiðareitur - USK26040244. Skipulagslýsing.

Vísað er til máls nr. 558/2024 í skipulagsgátt, Loftleiðareitur - USK26040244. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER gagnrýnir að fyrirhugað deiliskipulag setur viðkvæma hópa, börn og aldraða, inn á svæði þar sem bæði hávaðmengun og loftmengun eru vandamál. HER telur þetta svæði ekki henta fyrir skóla og hjúkrunarheimili í ljósi nálægðar við flugvöllinn. Auk þess er umtalsverð bílaumferð við skipulagssvæðið.

Athuga þarf að hávaði frá athöfnum á flugvöllinum er ekki einungis fólgin í yfirflugi, flugtökum og landingum. Þegar kortlagður er hávaði frá flugvöllinum er eingöngu litið til svokallaðra flughreyfinga, sem eru landingar og flugtök. Öll starfsemi á jörðu niðri er annað mál. Meta þarf ónæði sem tengist annarri starfsemi vallarins s.s. vetrarþjónustu, þrífum, uppkeyrslu flugvéla og annað er tengist starfsemi á völlum og svæðinu, s.s. sorphirða við hótél ofl.

Huga þarf að því er ákvörðuð er staðsetning íbúðarhúsa gagnvart hávaða og loftmengun hefur HER ítrekað gagnrýnt að hafa byggðina alveg niður við umferðargötur þar sem ekki er unnt að koma við mótvægisáðgerðum. Á þessu svæði getur verið veruleg áskorun að ná hávaða á dvalarsvæði á lóð í 55 dB(A) sem er krafan skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Á svæðinu verða bæði umferðarhávaði og flughávaði að fara að hafa áhrif. Ljóst er að byggingartæknilegar mótvægisáðgerðir eru nauðsynlegar til að tryggja að innihljóðvist sé í samræmi við staðla og ákvæði reglugerða og einnig þarf að huga að loftræsingum vegna loftmengunar.


Þegar ákvarða á staðsetningu leik- og grunnskóla þarf að gæta þess að á viðkomandi stað séu hávaða og loftmengun í lágmarki. Börn eru viðkvæmur hópur og heilsufarsáhrif vegna hávaða og loftmengunar meiri en á fullorðið fólk. Hér er hætta á loftmengun bæði frá umferð og frá flugumferð, einnig starfsemi vallarins. Nýleg



samantekt á rannsóknum á áhrifum loftmengunar á börn sem birt var í Journal of Transport and Health 2021 staðfestir að loftmengandi efni frá umferð hafa áhrif á vitsmunabroska, taugabroska og þroska öndunarfæra barna. Há gildi loftmengandi efna leiða einnig til aukningu öndunarfærasýkinga, astma, barkarbólgu og annarra öndunarfærasjúkdóma hjá börnum. Eins hefur umferðartengd loftmengun áhrif á hjarta og æðakerfi og er talin tengjast ofnæmissjúkdómum hjá börnum. - Sé horft til ráðlegginga EPA, Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna og WHO, Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og EEA, Umhverfisstofnunar Evrópu þá ber að velja skólum og leikskólum stað þar sem líkur á loft- og hávaðamengun eru litlar. Erfitt verður að tryggja viðunandi hljóðvist á skólalóð. Athuga þarf að augnablikshávaði vegna flugumferðar getur verið mjög hár þó svo að sólarhringsgildi séu innan marka. Slíkur augnablikshávaði getur valdi heyrnarskaða, sérstaklega hjá börnum ef þau eru óundirbúin fyrir hávaðann.

HER er með loftgæðamælistöð sem staðsett er við gatnamót Flugvallarvegur, Hlíðarfóts og Nauthólsvegur. Mælingar hafa sýnt að á staðnum er umtalsverð svifryks og köfnunarefnisdíoxíð mengun, meiri en búast mætti við ef horft er til fjarlægðar frá stærri stofnbrautum. Hér fyrir neðan eru gróf sem sýna mælingar á þessum mengunarefnum frá áramótum fram til dagsins í dag. Sólarhringsgildi fyrir köfnunarefnisdíoxíð eru 75 mikrógrömm á rúmmetra og sólarhringsgildi fyrir svifryk PM10 eru 50 mikrógrömm á rúmmetra.

## Reykjavík, Hlíðarfóttur. Rekstraraðili er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.






Reykjavík, Hlíðarfótur. Rekstraraðili er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.



Tafla

Línurit

Sækja CSV



Að mati HER staðfesta mælingar að áskoranir séu vegna loftmengunar á þessum stað.

Þar sem hávaðauppsprettur eru úr báðum áttum – s.s. umferð á eina hlið og flugvöllurinn á hina hlið er mun erfiðara að koma fyrir fullnægjandi hávaðavörnum. Ef ekki tekst að uppfylla skilyrði hávaðareglugerðar við húshlið þurfa skipulagsyfirlönd að ákveða að nýta undanþágu skv. 5. gr. hávaðareglugerðar sem leyfir hærra hávaða við húshlið en þá þurfa íbúðar að uppfylla lágmarkskröfum skv. flokki C í íslenskum hljóðsvistarstaðli. Það þýðir að íbúðir þurfa allar að hafa eina hljóðláta hlið þar sem hljóðstig fer ekki yfir 50 dBA. Erfitt verður að uppfylla slík skilyrði þegar hávaði kemur m.a. ofanfrá.

HER varar við því að vanda þarf til ef fyrirhugað er að hafa atvinnurekstur á neðstu hæð íbúðarhúsnæðis en slíkt sambyli fer ekki alltaf vel saman. Fjöldi dæma er um ónæði fyrir íbúa vegna starfsemi á neðstu hæð sem oft er flókið að leysa tæknilega eftir að hús eru þegar risin. HER vill sérstaklega benda á að skv. íslenskum hljóðvistarstaðli er ekki æskilegt að staðsetja líkamsræktarstöðvar eða háværa skemmtistaði á neðstu hæð í íbúðarhúsnæði þar sem mjög erfitt er að koma í veg fyrir ónæði. Þá þarf að huga vel að staðsetningu kælipressa/vifta, loftræstitúða, vöruafgreiðslu og aðstöðu fyrir sorp en þetta eru allt atriði sem geta valdi ónæði vegna hávaða í nærliggjandi byggð. Eins þarf að gæta þess að útblástur frá veitingastarfsemi valdi ekki lyktarmengun í nærliggjandi íbúum og fyrirtækjum.





HER áskilur sér rétt til að koma með fleiri athugasemdir um málið á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri